

## **28. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 11.03.2008 kl. 20:30.**

Mættir voru: Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Ingibjörg Baldursdóttir, Ingvar Þóroddsson, Jóhanna Einarsdóttir (fulltrúi Lundaskóla), Sædís Gunnarsdóttir og Þorgerður Sigurðardóttir (fulltrúi Lundaskóla).

Vorhátíðin var eina viðfangsefni fundarins. Þorgerður og Jóhanna gerðu grein fyrir því sem Lundarskóli vill leggja til hátíðarinnar:

- 2. bekkur leggur til söngatriði.
- 8. bekkur syngur lög úr Kardimommubænum.
- Í athugun er atriði úr Litlu Ljót frá 4. bekk.
- 3. bekkur gerir veifur/skraut í samvinnu við sérgreinakennara og skreytir svæðið ásamt foreldrum sínum hátíðardaginn.
- Nemendur fengnir til að sjá um andlitsmálun.
- Sýning á verkum nemenda t.d. þemaverkefnum og verkum list- og verkgreina.
- Jóhanna mun sjá um þrauta- og leikstöðvar úti.

Hverfisnefnd skipti með sér verkefnum varðandi hennar þátt í undirbúningi. Að leita til fyrirtækja um veitingar, pylsur, safa og meðlæti með pylsum (Óli, Bryndís og Ingvar) og ákveðið var að tala við Sigurð Ingimarsson varðandi söng og fjöldasöng. Áfram verður haft samband við leikskólana varðandi þáttöku þeirra (Bryndís). Hverfisnefnd mun einnig sjá um innkaup og auglýsingar.

Fram kom að Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar vill leggja sitt af mörkum, eldri borgarar munu leggja til atriði og í athugun er hvort Foreldrafélag Lundarskóla vill koma að dagskránni með einhverjum hætti. Point dansstudíó vill einnig leggja til atriði.

Sædís mun athuga með tilboð í prentun á auglýsingu og hverfiskorti og hverfisnefndin mun sjá um dreifingu þess.

Fram kom að fá þyrfti ljósmyndara til að taka myndir og var stungið upp á Ragnari Hólmi.

Hátíðin mun bera sömu yfirskrift og í fyrra þ.e : “Tökum til hendinni í grenndinni”. Milli kl. 10 og 11 verður dreift ruslapokum við Lundarskóla og fólk hvatt til að týna rusl í hverfinu í svolitla stund. Kl. 11:30 mun dagskráin hefjast við Lundarskóla undir stjórn Sigfúsar Karlssonar. Hluti dagskráratríða verður úti á skólalóðinni en hluti inni í skólabyggingunni. Um kl. 12.00 verður boðið upp á grillaðar pylsur og safa. Heitt verður á könnunni allan tímann.

Ákveðið var að halda vorhátíð 2009 þann 16. maí.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 21:30.

Ritari Ingibjörg.